

**1246. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 26.
júni 2023 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Gylfi Ólafsson formaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður og Jóhann Birkir Helgason áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Framtíðarskipulag Torfnæs - Starfshópur - 2020090001

Á 242. fundi íprótta- og tómsfundanefndar þann 21. júní 2023, voru kynnt fyrstu drög að tillögu að framtíðarskipulagi ípróttamannvirkja á Torfnæssvæðinu, ásamt þarfagreiningu sem starfshópur um framtíðarskipulag ípróttamannvirkja á Torfnæssvæði vann árið 2021-2022. Með hliðsjón af framlögðum gögnum og tillögu taldi íprótta- og tómsfundanefnd að vinnu starfshópsins væri lokið og þyrfti nú að finna framkvæmdum stað með deiliskipulagsbreytingum.

Lagði nefndin til við bæjarráð að finna þessu stað í deiliskipulagi.

Til fundar bæjarráðs er nú mættur Kjartan Árnason, arkitekt, til kynningar um mögulegt framtíðarskipulag svæðisins.

Bæjarráð telur málið ekki komið á þann stað að því verði komið fyrir í deiliskipulagi og telur þarft að vinna málið frekar.

Gestir

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs - 08:10

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:10

Kjartan Árnason, KOA arkitektum - 08:10

Kjartan yfirgaf fund kl. 8.40.

2. Knattspyrnusvæði á Torfnesi - 2023 - 2023060095

Á 242. fundi íprótta- og tómsfundanefndar þann 21. júní 2023 var rætt um framkvæmdir við lagningu nýs gervigrass á Torfnessvöll. Með hliðsjón af öryggiskröfum KSÍ þarf annað hvort hlaupabrautin að víkja eða göngustígurinn að hliðrast, sem þýðir að fórna yrði bílastæðunum við knattspyrnavöllinn. Íprótta- og tómsfundanefnd telur heppilegra að hlaupabrautin á Torfnesi víki

Handwritten notes and signatures:
HA
Go
BKH
MT

frekar og óskaði eftir afstöðu bæjarráðs til málsins.

Bæjarráð er sammála afstöðu íþróttá- og tómstundanevndar, og samþykkir að hlaupbrautin verði tekin undir öryggissvæði nýs vallar.

Hafdís yfirgaf fund kl. 8:50.

3. Umsókn um lóð við Sundabakka - 2022090020

Á 611. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 22. júní 2023, mættu fulltrúar Þryms hf. vélsmiðju til fundar til að kynna fyrirætlanir um uppbyggingu á lóð sem fyrirtækið hefur sótt um við Sundabakka á Ísafirði. Skipulags- og mannvirkjanefnd vísaði erindinu til kynningar í bæjarráði.

Er málið nú lagt fyrir fund bæjarráðs til kynningar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera viljayfirlýsingu við Þrym hf. á grundvelli kynningarinnar, og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

4. Brekkugata 46, 470. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2023060048

Á 611. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 22. júní 2023, var lögð fram umsókn Sigurðar Þ. Gunnarssonar, þinglýstum eiganda fasteignarinnar við Brekkugötu 46 á Þingeyri, dags. 9. júní 2023, um endurnýjun á lóðarleigusamningi. Jafnframt var lagt fram mæliblað tæknideildar frá 20. júní 2023.

Skipulags- og mannvirkjanefnd lagði til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings undir Brekkugötu 46 á Þingeyri miðað við framlagt mæliblað tæknideildar.

Bæjarráð samþykkir að heimila útgáfu lóðarleigusamnings undir Brekkugötu 46 á Þingeyri miðað við framlagt mæliblað tæknideildar, með öllum greiddum atkvæðum.

Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt 8. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

5. Aðalstræti 12 á Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2023060091

Á 611. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 22. júní 2023, var lögð fram um umsókn dags. 16. júní 2023, frá þinglýstum eigendum fasteignarinnar við Aðalstræti 12 á Þingeyri, um endurnýjun á lóðarleigusamningi vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar.

Jafnframt var lagt fram mæliblað tæknideildar frá 20. júní 2023.

Skipulags- og mannvirkjanefnd lagði til við bæjarstjórn að heimila útgáfu á lóðarleigusamningi undir Aðalstræti 12 á Þingeyri í samræmi við gildandi deiliskipulag við Tjarnarreit.

Bæjarráð samþykkir að heimila útgáfu lóðarleigusamnings undir Aðalstræti 12 á Þingeyri í samræmi við gildandi deiliskipulag við Tjarnarreit, með öllum greiddum atkvæðum.

Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt 8. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Axel yfirgaf fund kl. 9:25.

6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2022-2023 - 2022120086

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 23. júní 2023, vegna yfirlits um byggðakvótareglur 2022/2023. Jafnframt lagt fram minnisblað Örnú Láru Jónsdóttur, dags. 24. júní 2023, vegna samþykktra reglna um byggðakvóta fyrir 2022-2023.

Með vísan til framlagðs minnisblaðs leggur bæjarstjóri fram tillögu til bæjarráðs, sem fer með fullnaðarákvörðun mála í sumarleyfi bæjarstjórnar skv. 8. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, um að 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023, breytist og verði þannig:

"Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022."

Þá verði bæjarstjóra falið að hafa samband við ráðuneytið og koma nýrri tillögu á framfæri til breytingar á auglýsingu nr. 454/2023, um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023.

Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra með öllum greiddum atkvæðum.

7. Jafnlaunavottun - 2018020060

Lögð fram til kynningar skýrsla endurvottunarúttektar, dagsett 21. júní 2023, vegna jafnlaunakerfis Ísafjarðarbæjar, en niðurstaða úttektarstjóra er að jafnlaunakerfi ÍFB uppfyllir áfram kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Úttektarstjóri mælir, að

lokinni endurvottunarúttekt með vottun á jafnlaunakerfi ÍFB á nýjan leik innan hins tilgreinda gildissviðs, „allir starfsmenn Ísafjarðarbæjar“.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Baldur I. Jónasson, mannauðsstjóri - 09:35

Baldur yfirgaf fund kl. 9:40.

8. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2023 - 2023010001

Á 1245. fundi bæjarráðs, þann 19. júní 2023, var lögð fram tilkynning frá samráðsgátt stjórnvalda, dagsett 13. júní 2023, þar sem innviðaráðuneyti kynnir til samráðs mál nr. 112/2023, "Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038". Umsagnarfrestur er til og með 31. júlí.

Málinu var frestað til næsta fundar, og nú lagt fram á nýjan leik.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsögn á grundvelli umræðna og leggja fyrir bæjarráð á nýjan leik.

9. Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2023010260

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga; 929. fundar frá 9. júní 2023, og 930. fundar frá 15. júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

10. Íþróttá- og tómstundanefnd - 242 - 2306012F

Lögð fram til kynningar fundargerð 242. fundar íþróttá- og tómstundanefndar, en fundur var haldinn 21. júní 2023.

Fundargerðin er í sex liðum.

Lagt fram til kynningar.


11. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 611 - 2306013F


Lögð fram til kynningar fundargerð 611. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 22. júní 2023.


Fundargerðin er í níu liðum.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:10


Gylfi Ólafsson


Nanný Arna Guðmundsdóttir



Kristján Þór Kristjánsson



Bryndís Ósk Jónsdóttir



Jóhann Þirkir Helgason



Arna Lára Jónsdóttir

